

Sp. 30. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Hannibal Valdimarsson, Páll Þorsteinsson,
Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirtaldar ráðstafanir:

- a. að láta lög nr. 26 frá 1943, um héraðabönn, koma til framkvæmda eigi síðar en 1. jan. 1948;
- b. að gefa út reglugerð um skömmtun áfengis, og verði þar meðal annars ákveðið, að áfengi megi ekki selja, nema gegn skömmtunarseðlum kaupanda, enda sýni hann persónuskírteini sín.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru fluttar allmargar tillögur til þingsályktunar varðandi áfengismálin. Tvær þeirra vöktu verulega athygli, og má fullyrða, að þær áttu hljómgrunn hjá þjóðinni, var önnur um framkvæmd héraðabanna, en hin um skömmtun áfengis.

Þrátt fyrir eindregnar áskoranir frá fjölmörgum fundum og samtökum um, að Alþingi samþykkti þessar tillögur, fékkst hvorug þeirra afgreidd. Slík meðferð þessara mála var ósæmandi Alþingi. Þessar tvær tillögur eru að efni til sameinaðar í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, og er þess að vænta, að Alþingi viki sér nú ekki undan að afgreiða þær, enda efni þeirra mjög rætt, og mætti ætla, að sérhver þingmaður hefði þegar fullmótaðar skoðanir á því og óskaði ekki að dylja þær.

Hér á eftir eru birtar þær greinargerðir, sem fylgdu tillögum þessum á síðasta þingi.

Greinargerð með tillögu til þingsályktunar um héraðabönn, er var flutt á reglulegu Alþingi 1946, þskj. 127:

„Í maímánuði síðastliðið vor ritaði Stórstúka Íslands öllum frambjóðendum við alþingiskosningar þær, sem þá fóru í hönd, og spurði þá þessara tveggja spurninga:

„1. Viljið þér beita áhrifum yðar til þess, að lögin um héraðabönn geti komið til framkvæmda sem allra fyrst?

2. Viljið þér styðja markvissa sókn að algeru áfengisbanni?“

Um 50 frambjóðendur svöruðu bréfinu, og allir hiklaust játandi, að tveimur undanteknum, sem þó létu aðeins í ljós nokkra vantrú á algeru aðflutningsbanni, „nema það væri liður í alþjóðasamtökum til útrýmingar áfengi í heiminum“. Annar þessara manna tók þó beint fram, að hann væri samþykktur því, að lögin um héraðabönn kæmu til framkvæmda, þótt hann einnig á því fyrirkomulagi sæi nokkra annmarka.

Það er því staðreynd, að allir þeir frambjóðendur, sem svöruðu bréfi Stórstúkunnar, tjáðu sig samþykka því, að lögin um héraðabönn yrðu látin koma til framkvæmda. Sams konar óskir og kröfur hafa verið fram bornar af fjöldamörgum félögum og félagasamböndum, þar á meðal af flestum bæjarstjórnnum landsins.

Þó að flutningsmönnum sé það vel ljóst, að engu lokamarki sé náð í baráttunni gegn áfengisbölinu með héraðabönnum einum, þá telja þeir vonir standa til, að með því móti mundi draga verulega úr almennri áfengisneyzlu á þeim svæðum, sem þær ráðstafanir næðu til. Þegar reynsla fengist svo af því, að héraðsbann hefði orðið til bóta á einhverjum stað, mætti ætla, að önnur héruð eða aðrir landshlutar færu í kjölfarið og afnæmu hjá sér útsölustaði áfengis með meirilutaákvörðun kjósenda. Á þennan eðlilega hátt gætu héraðabönn smám saman stefnt að lokamarkinu: algeru aðflutningsbanni áfengis.

Það er ósamboðið íslenska ríkinu að byggja fjárhagsafkomu ríkissjóðs í sívaxandi mæli á þeim blóðþeningum, sem áfengisgróðinn vissulega er. Það er smánarblettur á lýðveldinu Íslandi að gera lífshamingju þegna þess þúsundum saman að auvirðilegri verzlunarvöru. Og bókstaflega verður það að teljast fáránleg fjarstæða, að ríkisvaldið sjálft reki til „ágóða“ fyrir ríkissjóð, verzlun, sem niðir af þjóðinni andlega og líkamlega heilbrigði hennar, brýtur niður lífshamingju fjölda manns á ári hverju, steypir öðrum í fjárhagslega glötun og dregur stórlega úr starfhæfni manna í öllum stéttum þjóðfélagsins.

Samtímis þessu á svo lögreglulið, lækna og hjúkrunarfólk daglega í ömurlegri baráttu við átakanlegar afleiðingar áfengisverzlunar ríkisins í margvíslegustu myndum afbrota, glæpa, auðnuleysis, spillingar og eymdar.

Nei, um þetta ætti ekki að þurfa að fjölyrða: Íslenskir kjósendur verða að fá heimild til að ákveða það með atkvæðagreiðslu, hvar eða hvort íslenska ríkið framvegis skuli hafa opnar vínverzlanir með þeim ömurlega árangri, sem nú blasir hverjum heilskyggnum manni við augum í öllum stærri kaupstöðum landsins. En annað eða meira felst ekki í þessari þingsályktunartillögu.

Á þessu þingi eru fram komnar tvær aðrar tillögur varðandi áfengismálin. Sýnir það bezt, að víða vakir nú einlægur vilji fyrir því að ráðast gegn hinu ægilega böli ofdrykkjunnar, sem aldrei hefur gengið jafnnærri þessari þjóð og einmitt nú.

Má það vel vera, að skömmun áfengis gæti einmitt orðið til verulegra bóta í sambandi við héraðabönnin, þótt flutningsmenn þessarar tillögu hafi nokkuð skiptar skoðanir um gagnsemi þeirrar ráðstöfunar einnar út af fyrir sig.

Hin tillagan, um að hið opinbera standi ekki fyrir vínveitingum eða veiti ein-

stökum mönnum sérréttindi til vinkaupa, er í alla staði sjálfsögð og mun hljóta óskipt fylgi þeirra, sem að þessari þingsályktunartillögu standa.

Það má vissulega ekki dragast lengi úr þessu, að Alþingi geri ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisbólinu, og það úrræðið, sem tvímælalaust á mestu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar, er það, sem hér er lagt til, sem sé þetta, að Alþingi gefi ríkisstjórninni ákveðin fyrirmæli um að láta heimildarlögin um héraðabönn koma til framkvæmda.

Fylgiskjal I.

Samþykktir prestastefnunnar.

Prestastefna Íslands, háð dagana 20.—22. júní s. l., samþykkti meðal annars tillögur um áfengismálin:

Prestastefnan tekur undir þær áskoranir, sem fram komu á kvennafundi í Reykjavík 15. apríl s. l., að því viðbættu, að hagfræðileg rannsókn á áhrifum áfengisins færi ekki aðeins fram í Rvík, heldur um land allt.

Prestastefna Íslands beinir þeirri ósk eindregið til allra landsmanna, að áfengi verði ekki um hönd haft í mannfagnaði í sambandi við helgiathafnir.

„Prestastefnan 1946 óskar eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í síðasta lagi 1947, um hvort leyfa skuli innflutning áfengis, og telur aðflutningsbann áfengis sterkasta ráðið til bóta á því öngþveiti, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar.“

Prestastefna Íslands 1946 telur það ástand, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, eigi aðeins vansæmandi, heldur háskalegt siðgæði og heilbrigði þjóðarinnar og beinir þeirri eindregnu áskorun til allra presta landsins, að þeir vinni ötullega hver í sínu prestakalli gegn áfengisbólinu og leggi fram sinn skerf til þess að skapa það almenningsálit, sem telur ofnautn áfengis vansæmandi frjálshornum mönnum, og óskar þess, að allir þeir, sem gegna ábyrgðarstörfum eða opinberum störfum, séu bindindismenn.

Jafnframt skorar Prestastefnan á ríkisstjórn og Alþingi að gera sem fyrst og eigi síðar en á næsta haustþingi ráðstafanir til að draga verulega úr áfengisnautn þjóðarinnar og koma á fót nauðsynlegum hælum fyrir ofdrykkjumenn.

Fylgiskjal II.

Ályktun Sambands íslenzkra barnakennara.

Niunda fulltrúaðing Sambands íslenzkra barnakennara (S.Í.B.), haldið í Reykjavík dagana 21.—26. júní 1946, telur ástand það, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, hið háskalegasta. Daglegir viðburðir af völdum þess eru slys, glæpir og alls konar afbrot, upplausn heimila, hvers konar lausung, siðspilling og gengd- arlaus fjársóun.

Telur þingið, að heilsu, siðferðispreki og sjálfstæði þjóðarinnar sé stefnt í beinan voða, ef þessu heldur áfram. Þingið vilir harðlega þá stjórnarstefnu að byggja fjárhagsafkomu ríkisins að verulegu leyti á þeim blóðþeningum, sem áfengisgróðinn er, og telur, að afla eigi þeirra tekna með beinum sköttum eða á annan hátt. Einnig átelur þingið þá framkomu Alþingis og ríkisstjórnar að hafa að engu háværar raddir og eindregnar ályktanir og áskoranir fjölmennra félagasamtaka og funda hvaðanæva af landinu til umbóta umræddum málum.

Þingið skorar á hæstvirt stjórnarvöld ríkisins að hefja nú þegar framkvæmdir á grundvelli nefndra ályktana og að öðru leyti eftir eigin leiðum.

Jafnframt skorar þingið á alla foreldra og kennara við alla skóla landsins, frá barnaskólum að háskóla meðtöldum, að hefja þegar alhliða sókn gegn áfengisbólinu, með því m. a.:

1. að sveigja hugi æskulýðsins til hófsemi og bindindis og vera honum til fyrirmyndir í þeim efnum;

2. að taka höndum saman við alla þá, sem vilja vinna gegn neyzlu áfengra drykkja, og styrkja viðleitni þeirra eftir mætti;
3. að vinna markvisst að því að skapa í landinu það almenningsálit, er telur drykkjuskap ósiðlegan, hættulegan og ekki sæmandi menningarþjóð;
4. að stuðla að því eftir mætti, að löggjafarþing þjóðarinnar verði einvörðungu skipað bindindissinnuðum mönnum.“

Greinargerð með tillögu til þingsályktunar um skömmtnun áfengis, er var flutt á reglulegu Alþingi 1946, þskj. 70:

„Öllum hugsandi mönnum mun vera hin mikla og sívaxandi áfengisnautn þjóðarinnar áhyggjuefni. Fjöldi manna veiklast líkamlega og andlega af völdum áfengisnautnar. Afbrot fara mjög í vöxt, einkum meðal æskumanna. Hraustir menn hverfa voveiflega. Lífshamingja ótaldrá einstaklinga og heimila fer í mola. Árlega er með ýmsum hætti mörgum mannslífum fórnað beint og óbeint á altari óreglunnar. Slíkan skatt geldur þjóð vor Bakkusi um þessar mundir.

Ekki er glæsilegra um að litast, ef skoðuð er fjárhagshlið málsins. Tugmilljón-um króna er árlega sóað fyrir áfengi. Þær fjárhæðir, sem árlega tapast einstaklingum og stofnunum vegna minni afkasta við störf og iðjuleysis af völdum vins, eru ekki í tölum taldar. Þá er og vitanlegt, að verja þarf af þjóðfélagsins hálfu miklu hærri fjárhæðum en ella til heilsuverndar og hjúkrunar vegna ofnautnar áfengra drykkja. Enn fremur þarf þjóðfélagið iðulega að ala önn fyrir fjölskyldum þeirra að meira eða minna leyti, sem verst hafa orðið úti af völdum drykkjuskaparins.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að ríkisvaldið heffjist handa um að draga sem mest úr því böli, sem óhófleg áfengisneyzla hefur leitt yfir þjóðina. Æskilegt væri, að allt áfengi yrði nú þegar gert landrækt, en margra hluta vegna mun þess varla kostur á næstunni. Hins vegar ætti að vera tiltölulega auðvelt að draga stórlega úr ofnautn áfengis með því að koma á skömmtnun allra vínfanga. Allt veltur vitanlega á því að búa svo um hnútana, að erfitt eða ókleift reynist að komast fram hjá þeim fyrirmælum, sem sett yrðu um skömmtnunina, og að árlegur skammtur sé hafður sem minnstur. Ef veitingahús hefur vín á boðstólum með leyfi stjórnarvalda, verður skömmtnunin einnig að ná til þess.

Gefa ætti út áfengisbækur á svipaðan hátt og orlofs- eða vegabréfabækur. Þegar áfengisbók er tekin í noktun, ætti mynd af eiganda að vera fest í hana. Enginn ætti að fá áfengisbók og þar með heimild til að kaupa áfengi yngri en 21 árs, enda er það í samræmi við fyrirmæli 13. greinar áfengislaganna. Þar, sem áfengisútsölur eru starfandi, ætti bókareiganda einum að vera heimilt að fá áfengi afhent út á bók sína. Þurfi að fá það sent frá fjarlægri áfengissölu, gæti kaupandi látið vottorð frá næsta yfirvaldi, er sýndi, að hann ætti rétt á umbeðnu áfengi, fylgja pöntuninni. Að sjálfsögðu ætti að gera ráð fyrir því, að hægt væri að svipta menn rétti til áfengisbókar, og kæmu þar til greina menn, sem á einn eða annan hátt gæta ekki almenns velsæmis við notkun áfengra drykkja.

Vitanlega þarf nokkurn undirbúning til að taka upp þessa skipan um almenna afgreiðslu allra vínfanga, sem einkum er fólgin í því að setja reglur um skömmtnunina og prenta áfengisbækur. Hér er því gert ráð fyrir, að ríkistjórnin hafi nokkurn frest til framkvæmda, en þó ekki lengri en til næstu áramóta.“